



## UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

### STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Fundur haldinn að Digranesgötu 2 þann 8. maí 2024 kl.18:00

Mættar eru Guðrún H. Þórðardóttir sambandsstjóri, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir varasambandsstjóri, Svala Svavarsdóttir gjaldkeri, Raket Dögg Sigurgeirsdóttir ritari og Bjarney L. Bjarnadóttir framkvæmdastjóri.

1. Sambandsstjóri setur fundinn kl.18:11
2. Stjórnarskipti – undirskriftir  
Framkvæmdastjóri sendir undirrituð skjöl til rsk.
3. Abler samningur:  
Mun klárlega auka alla þjónustu við aðildarfélögin. Þarf að muna setja þessa upphæð í fjárhagsáætlun. Árgjaldið fyrir Abler fyrir öll aðildarfélögin verður rétt um 700 þúsund. Samningurinn verður undirritaður af framkvæmdastjóra og kynntur á formannafundi 14. Maí. Þarf að brýna fyrir aðildarfélögum að fylgjast með kröfum frá Abler og tilkynna ef það verður tvírukkað fyrir einhver tímabil.
4. Þorsteinsgötusamningur: Framkvæmdastjóri er búinn að leggja drög að „afnotasamningi“ til aðildafélagana. Bera afnotasamninginn saman við leigusamning sem Borgarbyggð gerði við UMSB, athuga hvort um vísitölutengingu sé að ræða. Þarf að klára þennan samning með aðkomu stjórnar UMSB og körfuknattleiks- og knattspyrnuþeildar Skallagríms.
5. Formannafundur verður haldinn þann 14. maí kl.18:00, Vindási.  
Hestamannafélagið Borgfirðingur sér um utanumhald.

Umræðuefni á formannafundi

- Hvalfj.sveit
- Abler
- Reglugerð um afrekssjóð: senda reglugerðina fyrir fundinn og biðja fólk um að lesa hana yfir fyrir formannafundinn.
- Fjárhagsáætlun:

- Starfsstyrkir – umsóknarfrestur/útborgun?
  - 17. júní – íþróttahátíð – á að greiða fyrir og hversu mikið?  
Á síðasta ári voru greiddar 50 þús til hvers aðildarfélags sem var með einhverja skemmtun fyrir börnin.
  - Tómsundaakstur – segja frá spretthópnum og fundinum.
  - 10. grein laga UMSB, gleymdist að breyta á þinginu.
  - Lottóskipting.
6. Auglýsingaskilti á Borgarbraut 65 – póstur frá Landlínnum.  
Samþykkt með þeim fyrirvara að Magga nuddari vilji ekki nota þetta svæði og einnig með því ákvæði að ef UMSB skuli einhverntíman taka húsnæðið aftur, fáum við plássið á ný.
7. Badmintondeild.  
Rætt um þá stöðu sem er uppi varðandi badmintondeild Skallagríms. Ekki náðist að manna stjórn og þar með er ekki starfræk deild. Lítur út fyrir að ekki verði hægt að bjóða upp á badmintonæfingar næsta vetur.
8. Annað
- ULM- kynning á stöðu mála
  - Það þarf að endurnýja fyrirmyndarhéraðsstimpilinn, það þarf að uppfæra handbókina góðu- kynning og umræður

Fundi slitið kl 20:13